

Ársskýrsla 2005 Bókasafn Akraness

Bókasafn Akraness er almenningsbókasafn og rekið af Akraneskaupstað. Starfssvæði safnins er Akranes og hreppar sunnan Skarðsheiðar. Ekki er þó þjónustusamningur við hreppana en þeir greiða lítillaga fyrir þjónustu sem íbúarnir geta sótt sér. Bókasafnið deilir húsnæði með Héraðsskjalasafni og Ljósmyndasafni.

Bókasafnið starfar samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.

Tölur í sviga eiga við árið 2004.

Lykiltölur 2005:

Útlán: 52.831 (54.415)

Útlán á íbúa: Akranes 9.1 (9.6)

Gestir: 36.270 (34.840) samkv. teljara á 130 að meðaltali á dag

Þjónustutími: 42 klst á viku yfir veturinn, 39 klst á viku yfir sumarið

Þjónustudagar: 279 (268)

Starfsmenn: 7 manns í 5.27% stöðugildum (7 í 5.52%)

Afgreiðslutími safnins var óbreyttur frá fyrra ári. Yfir vetrarmánuðina (október – apríl) var opið í 42 klst á viku, en að sumrinu var opið í 39 klst á viku.

Safnið var opið í 279 (268) daga.

Þjónustusvæði safnins er Akranes og nágrenni.

Þann 1. des 2005 var íbúafjöldi 6.385 (6.216)

Akranes 5.782 (5.655)

Hreppar sunnan Skarðsheiðar 603 (561)

Stjórn safnsins

Menningarmála- og safnanefnd fer með stjórn safnsins. Nefndina skipa Hrönn Ríkharðsdóttir formaður, Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir, Jón Gunnlaugsson, Jósef H. Þorgeirsson, Sigríður Gróa Kristjánsdóttir. Bókasafnið heyrði fyrra hluta ársins undir sviðsstjóra menningar- og fræðslusviðs, en seinni hluta ársins undir fjármála- og stjórnsýslusvið.

Málefni safnsins var á fimm fundum á árinu.

Starfsfólk

Í árslok störfuðu við safnið 7 starfsmenn í 5.27 stöðugildum.

Tveir starfsmenn létu af störfum, deildarstjóri hætti í lok ársins 2004 og hvarf til annarra starfa og bókaforður lét af störfum eftir 47 ára starf. Tveir nýir starfsmenn voru fastráðnir í þeirra stað.

Endurmenntun

Starfsfólk sótti námskeið hjá Landskerfi bókasafna, Endurmenntunarstofnun H.Í. og Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

Lánþegar

Lánþegar með gild skírteini í lok ársins voru 1.439. Fjöldi lánþega með gild skírteini var mestur í október eða 1.694.

Gestir voru taldir sérstaklega tímabilið jan-mars og reyndust vera 120-130 að jafnaði á dag, eða tæplega 40.000 á ári.

Útlán

Útlánuð safngögn voru 52.831 (54.415) sem er 9,1 eintök á íbúa á Akranesi, en 8.3 (8.8) ef miðað er við Akranes og nágrennasveitarfélög.

Útlán eftir efnistegund voru sem hér segir.

- Bækur: 40.354 (42.767)
- Myndbönd: 1.337 (2.210)
- Tímarit: 5.870 (6.269)
- DVD: 429 (529)
- Hljóðbók: 4.057 (2.182)
- Geisladiskar: 680 (458)
- Tölvugögn: 104
- **Samtals 52.831** (54.415)

Útlán á SHA, Höfða og Bókin heim

Bókasafnið sér um bókasafnsþjónustu við sjúklinga á Sjúkrahúsinu og heimilisfólk á Dvalarheimilinu Höfða. Þjónustusamningur um bókasafnsþjónustu við heimilisfólk á Höfða tók gildi 1. september. Einnig býður safnið upp á þjónustuna Bókin heim. Útlánin voru sem hér segir.

- Útlán á Höfða sept-des 2005 : 164 (249)
- Útlán á SHA: 1.935 (1.773)
- Bókin heim: 2.392 (1.884)

Að jafnaði notfærðu sér 10 sjúklingar á SHA þjónustuna í hverri heimsókn bókavardar og 9 manns á Höfða. Bókina heim þjónaði um 11 einstaklingum á Akranesi.

Skipalán.

Bækur og önnur safngögn voru lánuð í þrjú skip.

Safnkostur

Unnið var allt árið við að tengja safnkost, sem áður var í MikroMarc bókasafnskerfinu í bókasafnskerfið Gegnir.

- Bækur: 33.687 (eintök)
- Snældur/hljóðbækur: 481
- Geisladiskar, tónlist: 396
- Geisladiskar/ hljóðbók: 48
- Tölvugögn: 49
- DVD: 141
- Myndbönd: 549
- Tímarit: 3.316
- Kort: 9
- Samtals í Gegni: 38.676
- Ótengt: 2.000
- Haraldssafn: 4.000

Samtals safnkostur bókasafnsins í árslok er ca 45.000 eintök

Bókasafnið er áskrifandi 80-90 tímaritum og tekur þátt í kostnaði á rafrænum tímaritum og gagnasöfnum á hvar.is.

Barnastarf

Börnum hefur fækkað sem sækja sögustundir safnsins, en aftur á móti fjölgar heimsóknnum barna frá leikskólum og grunnskólum, í skipulagðar safnheimsóknir og kynningar.

Leikskólinn Teigasæl er í nágrenni safnsins og koma þau langoftast í óformlegar heimsóknir.

Samstarf var tekið upp við sumarleikjanámskeið Skátafélags Akraness og þátttakendum boðið í heimsókn í bókasafnið einu sinni í viku. Bókasafnið réð til sín sögukonuna Þóru Grímsdóttur og tók hún á móti börnunum og sagði sögur. Mjög mikil ánægja var með sögukonuna sem sagði frá á lifandi og skemmtilegan hátt.

- Sögustundir 27 (26) börn 170 (298)
- Safnheimsóknir (8) frá leikskólum sept-des, 74 börn
- Safnkynningar, grunnskólanemar 80-90 nemendur
- Sögudagar 200 börn
- Samtals fjöldi barna: 534 (398)

Í sögustund var Bangsadagur haldinn hátíðlegur á alþjóðlegum bangsadegi 27. október og börnum boðið að taka þátt í getraun. Dregið var úr öllum svörum og þrjú börn fengu viðurkenningu fyrir þátttöku, bókasafnsbangsann Bjössu.

Börn á grunnskólaaldri tóku þátt í vali á bestu **barnabókum ársins 2004**. Dregið var úr þátttökuseðlum og tveir heppnir þátttakendur fengu bókaverðlaun, Ævintýri H.C. Andersen. Alls skiluðu 290 börn kjörseðlum í skólabókasöfnin og í Bókasafn Akraness.

Tölvur

Safngestir hafa aðgang að fimm nettengdum tölvum, þar af þremur svokölluðum netkaffitölvur. Það eru um 8 gestir sem notfærar sér netkaffiaðgang á hverjum degi. Þráðlaus nettenging er fyrir safngesti með fartölvur og góð aðstaða á 2. hæð.

Svöfusalur

Í námsverinu Svöfusal er boðið upp á fjarnám frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Fjöldi nemenda :

- Hjúkrunarbraut 15 nemendur
- Leikskólabraut 6 nemendur
- Auðlindabraut 1 nemandi
- Íslenska 1 nemendi

Á árinu voru 3 námskeið og 2 fundir haldnir í námsverinu.

Gjafir

Safninu barst mikið af gjöfum, bækur og tímarit, bæði gamalt efni og nýtt.

Gefendum eru færðar þakkir fyrir hlýhug í garð safnsins.

Velunnari safnsins til margra ára Jóhannes Gunnarsson, bifvélavirki lést á árinu. Hann var mikill safnari og miðlaði oft bókasafninu fágætum bókum og tímaritum. Honum var mjög annt um héraðssöguna og henti engu sem hann trúði að kæmi að gagni.

Menningarviðburðir.

Á “Írskum dögum“ tók safnið þátt í markaðsdögum á Safnasvæðinu að Görðum og seldi afskrifaðar bækur.

Samkvæmt venju var tekið þátt í Norræni bókasafnsviku í nóvember. Dagskrá í samvinnu við Norræna félagið á Akranesi. Þema ársins var “Á ferð í Norðri“ lesið úr Ævintýri Nilla Hólmgeirsson og ævintýraför hans um Svíþjóð, eftir Selmu Lagerlöf. Hrönn Ríkhardsdóttir og Ólína Jónsdóttir lásu. Fjöldi gesta á upplestur var 20 manns.

Upplestur úr nýjum bókum í desember. Dagskrá unnin í samvinnu við Uppheima, Mál og menningu og Bókabúð Pennans.

Úr nýjum barnabókum lásu rithöfundarnir Sigrún Eldjárn, Áslaug Jónsdóttir og Kristín Steinsdóttir og einnig var lesið úr þýddum barnabókum frá Uppheimum.

Úr bókum fyrir þá eldri lásu rithöfundarnir Guðjón Friðriksson, Hreinn Vilhjálmsson, Reynir Traustason og Marta María Jónasdóttir. Kristján Kristjánsson las úr bók Ara Trausta Guðmundssonar.

Sýningar í húsakynnum safnsins

Settar voru upp 7 sýningar á árinu.

- Servíettur Margrétar Gunnarsdóttur
- Sýning á bandarískum barna- og unglingabókum, farandsýning frá Bandaríska sendiráðinu
- Perlusaumur, munir eftir Sumarlínu Jónsdóttur
- Náttúran í eðli sínu, ljósmyndir eftir Júlíönu Björnsdóttur
- Hattarnir hennar Ástu bókavarðar
- Kvænnafrídagurinn 30 ára 1975-2005
- Íslenskir jólasveinar, jólakort úr safni Jóhönnu Jóreiðar Þorgeirsdóttur

Samstarfsverkefni bókasafna

Forstöðumaður er í stjórn Aleflis, notendafélags Gegnis og formaður Félags um Vefbókasafn.

Í febrúar 2006

Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður